



Framkvæmda- fréttir 21. tbl. /05



Lengsta brú og hæsta fjall. Skeiðarárbrú (880 m) og Óræfajökull í baksýn (2.110 m y.s.).

Auglýsingar útboða

Strandavegur (643), Illaholt – Blæja 05-056

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endur- og nýlagningu Strandavegar á um 5,94 km kafla frá Illaholti að Blæju ásamt endurgerð þriggja tenginga að heimreiðum.

Helstu magntölur eru:

Bergskeringar	26.700 m ³
Fyllingar og fláafleygar	54.500 m ³
Neðra burðarlag	14.100 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. september 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 22. ágúst 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. september 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð Hallsvegar í Grafarvogshverfi. Verkið felst í að leggja tveggja akreina veg frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi um 0,86 km ásamt gerð hringtorgs við Fjallkonuveg og lagfæringum á gatnamótum við Víkurveg.

Eftirfarandi texti er tekinn upp úr útboðslýsingu lítið breyttur.

Framkvæmd

Hallsvegur verður lagður yfir lítt hreyft holt að vestanverðu en milli Þvervegur og Víkurvegur er land hreyft og var áður fyrr notað að hluta til sem tippur fyrir ónothæft efni. Aftengja skal núverandi Þverveg við Gagnveg og verður vegurinn milli Gagnvegur og Hallsvegar aflagður að framkvæmdum loknum. Fyrir aðkomu að Gufuneskirkjugarði skal verktaki gera ný gatnamót Þvervegur og Hallsvegar með gönguleið yfir Hallsveg austan Þvervegur. Gera skal bílastæði með malarslitlagi fyrir stóra bíla við Gagnveg.

framhald á bls. 2

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 21. tbl. 13. árg. nr. 410 22. ágúst 2005

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



framhald af forsiðu

Gera skal jarðvegsmön með Hallsvegi að sunnanverðu meðfram húsum sem standa við Garðhús. Einnig skal gera lágur jarðvegsmannir milli Hallsvegar og kirkjugarðsins norðan Hallsvegar og með Víkurvegi innan girðingar kirkjugarðsins norðan Hallsvegar og milli Hallsvegar og Gagnvegar við bílastæði fyrir stóra bíla. Þá skal verktaki vinna við jöfnun og frágang landsvæða meðfram veginum.

Verktaki skal leggja göngustíga milli Langarima og Víkurvegar og gera steinsteipt undirgöng undir Hallsveg.

Verktaki skal gera jarðvegsmannir milli Hallsvegar og lóða við Garðhús í upphafi verks og nýta til þess uppgröft úr verkinu. Ganga skal frá mönum í endanlega hæð með 0,5 m yfirhæð og ljúka frágangi manar lóðarmegin og yfir hábungu manar með þökulagningu. Einnig skal verktaki snemma á verktímanum ljúka gerð göngustígs sem kemur til með að

liggja milli jarðvegsmannar og lóða við Garðhús með endanlegu slitlagi frá Gagnvegi að Víkurvegi.

Verktaki skal halda holtgrjóti, sem er í vegstæði, til haga og nýta í verkinu. Í stígstæði við Langarima, stöð 10-180, eru nokkrir stórir stakir steinar sem verktaki skal færa út fyrir stíginn, þannig að steinarnir verði fyrir sem minnstu hnjaski.

Verktaki skal halda gönguleið með Víkurvegi opinni allan verktímann. Í því sambandi skal hann setja brýr yfir skurði þannig að leiðin verði greið öllum gangandi vegfarendum. Núverandi gönguleið milli Rimahverfis og Húsahverfis skal vera opin þar til framkvæmdum við undirgöng og aðliggjandi stíga verður lokið en þá verður gönguleiðin flutt yfir á nýja stíginn. Fyrir verður ekki hægt að vinna við gerð hringtorgs við Fjallkonuveg.



Hallsvegur verður lækkaður um 1,5 m þar sem Þvervegur þverar veginn í dag. Gert er ráð fyrir að sú lækkun vegarins verði gerð snemma á verktímanum, lagnir lagðar í vegstæði Hallsvegur og gengið frá hæðarbreytingum á Þvervegi inn í kirkjugarðinn og Þvervegur sunnan Hallsvegur verði tengdur til bráðabirgða aftur við breytta hæðarlegu vegarins. Verktaki fær heimild til að loka Þvervegi í fjórar vikur fyrir akandi og gangandi umferð meðan unnið verður að þessum breytingum. Áður en Þvervegur verður tekinn í sundur skal verktaki gera greiða gönguleið til bráðabirgða vestan við núverandi Þverveg. Þessi stígur skal vera 2 m breiður og lagður bundnu slitlagi þannig að hann verði greiðfær hjólastólum.

Verktími

Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið framkvæmdir í september 2005. Gera skal jarðvegsmanir með húsum við Garðhús og ljúka frágangi þeirra lóðarmegin með grasþökum fyrir 1. nóvember 2005 ásamt gerð göngustígs sem kemur milli manar og lóða frá Gagnvegi að Víkurvegi.

Haga skal verkframkvæmdum þannig að taka megi veginn í notkun í einu lagi og skal vinnu við vegagerð; slitlag, umferðar-eyjar, kantsteina, veglýsingu, vegmerkingar og umferðarljós vera lokið fyrir 1. júní 2006 þannig að hleypa megi umferð á mannvirkin. Vinna við landmótun sem unnin er frá vegum skal vera lokið áður en umferð er hleypt á veginn. Verkinu öllu skal vera lokið fyrir 1. ágúst 2006.

Samgönguáætlun 2005-2008

Helstu verkefni

